

verja til verðlauna fyrir ritgerðir um dýraverndun, eða önnur skyld efni, sem birtar verða í Dýraverndaranum, málgagni Dýraverndunarfélags Íslands, og dæmir sjóðsstjórnin um hvaða ritgerðir eru verðlaunahæfar og hve hátt þær skuli verðlaunaðar. 111  
30. sept.

Í fyrsta tölublaði „Dýraverndarans“ ár hvert skal stjórn sjóðsins vekja athyggli manna á veitingu verðlauna þessara og hvetja menn til að semja verðlaunarritgerðir, annað hvort um ákveðið efni eða sjálfvalið.

Sá hluti ársvaxta, sem eigi er varið til verðlauna, leggst við höfuðstólinn.

#### 4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 20000 krónur, má sjóðsstjórnin, auk þeirra 200 króna, sem verja má til verðlauna fyrir ritgerðir um dýraverndun samkv. 3. gr., verja allt að hálfum ársvöxtum sjóðsins til eflingar almennri dýraverndun í landinu, með verðlaunum fyrir góða meðferð á dýrum, styrkveitingu til dýrahælis í Reykjavík eða með öðru móti sem sjóðsstjórnin telur heppilega. Þó skal á hverju ári leggja að minnsta kosti 300 krónur af ársvöxtunum við höfuðstól sjóðsins, unz hann er orðinn 50000 kr.

#### 5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 50000 kr. má verja  $\frac{1}{10}$  hlutum ársvaxta hans samkv. fyrirmælum 4. gr. en  $\frac{1}{10}$  hluti ársvaxtanna skal lagður við höfuðstólinn unz sjóðurinn er orðinn 100000 kr., má þá verja öllum ársvöxtunum samkv. 4. gr. að undanskildu því tillagi til höfuðstóls, sem Söfnunarsjóður kann að krefjast lægst.

#### 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal birta sjóðsreikningana á hverju ári í B-deild stjórnartíðindanna og auk þess í „Dýraverndaranum“, eða því blaði sem þá er málgagn dýraverndunarstarfsemi í landinu.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 14. september 1937.

Ólafur Ólafsson.

## REGLUGERÐ

### um loðdýrarækt.

112

27. okt.

#### 1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir yfirumsjón með allri loðdýrarækt í landinu.

#### 2. gr.

Loðdýr nefnast öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega, svo sem refir (*vulpes*), merðir (*mustelidae*) t. d. venjulegur mörður, sundmörður (*mink*), pekan, safali o. fl., otrar (*lutridae*), þvottabirnir (*procyon lotor*), hérar (*lepus*) t. d. venjulegir hérar, kanínur o. fl., nútríur (*myopotamus coypu*), hjórar (*castoridae*), íkornar (*sciurus*) o. s. frv.

Verði ágreiningur um hvort einhver dýrategund, sem hér er ekki talin, skuli teljast til loðdýra eða ekki, sker landbúnaðarráðherra úr.

#### 3. gr.

Loðdýrarækt og loðdýrabú nefnist, ef loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, en loðdýraeldi, ef loðdýr eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða

**112** aðallega. Loðdýragarðar nefnast girðingar og búr, sem loðdýr eru geymd í, en aðhald, þar sem þau eru höfðu í ógirtum eyjum.

## 4. gr.

Hver sá, er stunda vill loðdýrarækt eða loðdýraeldi, hér á eftir nefndur leyfisbeiðandi eða leyfishafi, skal fá til þess leyfi viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, sem hér á eftir eru nefndar leyfisveitandi, enda hlíti leyfisbeiðandi í öllum greinum lögum og reglugerð um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

Heimilt er leyfisveitanda að synja um leyfi, en láta skal hann þá leyfisbeiðanda í té skriflegar ástæður fyrir synjuninni. Getur þá leyfisbeiðandi skotið máli sínu til landbúnaðarráðherra, en hann leggur fullnaðarúrskurð á málið, eftir að hafa leitað álits ráðunautar í loðdýrarækt. Þegar leyfi er veitt, skal leyfisveitandi þegar tilkynna það hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra.

## 5. gr.

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi og leyfi skv. 4. gr. gildir aðeins í því leyfisumdæmi, sem það er veitt í.

Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum, hér á eftir nefndir gæzlumenn, skulu hafa eftirlit með því, hver í sínu umdæmi, að hlýtt sé ákvæðum laga og reglugerðar um loðdýrarækt.

Hafi gæzlumenn sjálfir loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skipar viðkomandi leyfisveitandi sérstakan gæzlumann fyrir bú þeirra, um leið og leyfið er veitt eða svo fljótt, sem við verður komið. Skal það vera aðalregla, að gæzlumaður, sem þannig er skipaður, sé ekki sjálfur loðdýraeigandi.

## 6. gr.

Leyfi skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðuneytið gefur út og lætur leyfisveitendum og gæzlumönnum í té eftir þörfum, endurgjaldslaust. Þegar leyfisbréf er útfyllt, skal það sýna ótvírætt:

- a. Fullt nafn og heimilisfang leyfishafa.
- b. Hvar í leyfisumdæminu á að reka búíð.
- c. Hvernig eign er háttað á búinu: einstaklingseign, séreign einstaklinga (samlagsbú), sameign einstaklinga (sameignarbú), samvinnufélagsbú, hlutafélagsbú o. s. frv.
- d. Fyrir hvaða tegundir loðdýra leyfið gildir.
- e. Hvort leyfið er veitt til loðdýraræktar eða loðdýraeldis.
- f. Hvort geyma skal dýrin í loðdýragarði eða í aðhaldi.
- g. Að leyfishafi hafi skuldbundið sig til að hlíta þeim lögum og reglum, er í gildi verða á hverjum tíma um loðdýrarækt eða eldi.
- h. Hver sé gæzlumaður búins.

## 7. gr.

Eyðublöð þau, er um getur í 6. gr., skal gefa út bæði á lausum blöðum og í heftum.

Þegar leyfi er veitt, skal gera 3 samhljóða leyfisbréf, eitt í hefti, er leyfisveitandi geymir, hin á laus blöð, er leyfisveitandi sendir gæzlumanni.

Nú hefir gæzlumanni borizt leyfisbréf, samkvæmt framansögðu, og skal hann þá þegar færa afrit af því inn í eyðublaðahefti, er hann geymir, og leyfisbréfin, sem hann tók á móti, skal hann geyma þar til úttekt samkvæmt 8. gr. hefir farið fram á hlutaðeigandi loðdýrabú. Afhendir hann þá leyfishafa annað leyfisbréfið, en sendir ráðunaut í loðdýrarækt hitt eintakið.

## 8. gr.

Óheimilt er leyfishafa að taka dýr í loðdýragarð eða aðhald, fyr en úttekt gæzlumanns hefir farið fram.

Þegar leyfishafi hefir gengið frá loðdýragarði eða ákveðið aðhald, skal hann tilkynna það gæzlumanni og óska úttektar. Skal gæzlumaður þá strax fara á staðinn og fullvissa sig um, hvort varzla sé svo örugg að fullnægt sé ákvæðum reglugerðar þessarar. Sé vörzlunni í einhverju ábótavant, skal gæzlumaður krefjast lagfæringar á því, áður en hann afhendir leyfishafa leyfisbréf það, er um getur í 7. gr., en afhending þess, með áritun gæzlumanns, ber að skoða sem skilríki fyrir því, að varzla sé örugg, er úttekt fór fram.

Sé loðdýragarður fluttur eða stækkaður eða skipt er um aðhald, innan sama leyfisumdæmis, gildir hið sama um úttekt og um töku dýra í aðhald, sem að framan greinir.

Verði ágreiningur um úttekt eða síðari skoðun milli gæzlumanns og leyfishafa, skulu þeir bera málið undir leyfisveitanda til úrskurðar. **112**

27. okt.

## 9. gr.

Flytji leyfishafi bú sitt í annað leyfisumdæmi, skal hann tilkynna það gæzlumanni og á þá jafnframt rétt á að hann skrifi upp á leyfisbréfið vottorð um það, hvernig leyfishafi hefir farið með leyfi sitt í því umdæmi, er hann flytur úr. Skal leyfishafi láta leyfið þannig áritað fylgja nýrri leyfisbeiðni.

Um leyfi í öðru leyfisumdæmi, eða fyrir nýjan eiganda bús, sem áður er veitt leyfi fyrir, gildir allt hið sama sem um nýtt leyfi samkvæmt 7. og 8. gr. væri að ræða.

Leggist bú niður, eða skipti um eigendur, skal skila leyfisbréfi, og tilkynna hlutaðeigandi gæzlumanni breytingarnar, en hann tilkynnir loðdýraræktarráðunaut breytingarnar.

## 10. gr.

Fyrir úttekt á nýjum eða fluttum loðdýragörðum og á aðhaldi, sem eins stendur á um ber leyfishafa að greiða gæzlumanni 10 — tíu — krónur þegar að lokinni úttekt. Á sama hátt skal greiða 5 — fimm — krónur fyrir úttekt á stækkun loðdýragarðs. Sé á sjó að fara til úttektar, getur gæzlumaður krafizt að leyfishafi leggi til farkost á sinn kostnað.

## 11. gr.

Nú hafa loðdýr verið tekin í loðdýragarð eða aðhald að lokinni úttekt, skv. 8. gr., og skal þá gæzlumaður hafa vakandi auga á, að öruggri vörzlu sé vel við haldið. Ber honum í því skyni að skoða hvern loðdýragarð í sínu umdæmi einu sinni á ári (aðalskoðun) á þeim tíma, er loðdýraræktarráðunautur ákveður. Auk þess skal gæzlumaður gera tafarlaust aukaskoðun á loðdýragarði eða aðhaldi, ef hann fær grun um, að áfátt sé um örugga vörzlu vegna skemmda, trassaskapar eða af öðrum ástæðum, og er hverjum manni rétt, er telur vörzlu ótrygga, að gera gæzlumanni aðvart um það.

Fyrir aðalskoðun, samkvæmt þessari grein, ber leyfishafa að greiða gæzlumanni kr. 0,25 fyrir hvern fullorðinn ref og kr. 0,10 fyrir önnur loðdýr fullorðin, þó aldrei minna en kr. 3,00 fyrir hvert bú. Fyrir aukaskoðun skal greiða gæzlumanni eftir sömu reglu, þó eigi minna en kr. 5,00 fyrir hvert bú.

Þó skal leyfishafi vera gjaldfrjáls fyrir aukaskoðun, ef hún reynist ástæðulaus, og sé hún gerð vegna framkominnar umkvörtunar eða keru, getur gæzlumaður krafizt þann, er kvartaði eða kær-una bar fram, um tvöfalt skoðunargjald.

## 12. gr.

Vanræki leyfishafi eða þrjúkist við að fullnægja kröfum gæzlumanns um örugga vörzlu, skal gæzlumaður tilkynna það hlutaðeigandi leyfisveitanda og getur hann þá látið framkvæma nauðsynlega viðgerð á kostnað leyfishafa eða svipt hann leyfi til loðdýraræktar, ef hann lætur ekki skipast við itrekaðar umvandanir.

Nú er leyfishafi sviptur leyfi til loðdýraræktar samkv. framansögðu og getur hann þó skotið því máli til landbúnaðarráðherra, er leggur fullnaðarúrskurð á málið, að fengnum tillögum ráðunautar í loðdýrarækt.

## 13. gr.

Auk þess eftirlits með loðdýragörðum og aðhaldi, er að framan greinir, skal ráðunautur, eða fulltrúar hans, er þeir ferðast milli loðdýrabúa til leiðbeininga við merkingar eða annað, hafa eftirlit með því, að ákvæðum laga og reglugerðar sé fylgt. Ber þeim að leiðbeina um það, er ábótavant kann að vera í vörzlu, og sé ekki strax bætt úr því, skulu þeir tilkynna það gæzlumanni og gengur hann þá eftir að úr því sé bætt, samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

## 14. gr.

Óheimilt er að geyma loðdýr öðruvísi en í fulltryggum loðdýragirðingum, eða annari öruggri vörzlu. Óll loðdýr skulu flytjast milli garða í öruggu búi. Ef loðdýr eru geymd í aðhaldi, skal skylt að flytja þau í örugga vörzlu eða lóga þeim, hvenær sem hætta þykir á, að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, að þau kunni að sleppa úr aðhaldinu, svo sem vegna ísalaga.

## 15. gr.

Fyrir loðdýr, sem haldin eru í loðdýragörðum, skal hafa tvöfalda vörzlu, þ. e. girðingar og búr. Í loðdýragirðingu skal hafa galvaniserað vírnet, fest á girðingarstólpa með galvaniseruðum lykkj-

**112** um (á trésthólpa) eða galvaniseruðum bindivír, klaufnögglum (splittum) eða teinum (á járnsthólpa). Þar sem vírnet er notað í búr, skal það einnig vera galvaniserað og fest á grind með galvaniseruðum lykklum eða með galvaniseruðum vír. Samskeyti neta skal vefja saman með galvaniseruðum bindivír.

27. okt.

Hornsthólpa loðdýragirðinga skal eigi hafa grennri en  $10 \times 10$  cm. og aðra stólpa eigi grennri en  $5 \times 10$  cm., ef trésthólpar eru, og sem þessu svarar að styrkleika, ef stólpar eru sívalir.

Séu járnstólpar úr vinkiljárnri, T- eða I-járnri notaðir, skal miðað við trésthólpana þannig, að álitast megi, að járnstólparnir hafi eigi minna viðnámsþol en hinir.

Þar sem vírnet eru skeytt saman eða jaðrinum hleypt í jörð niður í girðingum þessum, skal vefja þau vandlega saman með þjálum, galvaniseruðum bindivír.

Hlið á loðdýragirðingum skulu eigi ótryggari vera, að öllum frágangi og gerð, en girðingin sjálf og lokuð með öruggum lás. Girðingarstólpar skulu vel festir í jörð og stagaðir niður eftir þörfum með sterkum galvaniseruðum vír, svo að öruggt þyki, að girðingin haggist ekki af veðrum, frosti eða annari áreynslu.

#### 16. gr.

Að öðru leyti en að framan greinir fer um gerð loðdýragirðinga eftir því hver loðdýr skal í henni geyma þannig:

##### a. Refir.

Hæð girðingarinnar sjálfar skal vera að minnsta kosti 1,85 m., gildleiki netsins eigi minni en nr. 17 (1,4 mm.) og möskvavidd þess í mesta lagi 18 mm. Millibil stólpa mest 3 m.

Yfir girðingarnetinu sjálfu skal hafa loftskör úr samskonar neti, að minnsta kosti 0,4 m. breiða og þannig setta ofan á girðinguna, að skörin myndi sem næst  $120^\circ$  horn við hana innanverða, og sé skörin fest á stakar spækjur.

Standi refagirðing á klöpp, skal hlaða að henni grjóti, svo að öruggt megi telja að dýrin komist ekki undir hana, þótt þau sleppi úr búrunum. Standi girðingin ekki á klöpp, skal festa neðan á girðinguna vírnetsskör eigi mjórri en 0,4 m. og grafa hana í jörðu skáhalt, innanvert við girðinguna. Í þessa skör má hafa hænsnanet.

##### b. Sundmerðir (minkar).

Hæð netsins skal vera að minnsta kosti 0,8 m. Gildleiki vírsins eigi minni en nr. 16 (1,6 mm.) og möskvavidd í mesta lagi 26 mm. (1 þuml.). Millibil stólpa mest 2,5 m. Yfir þessu neti og fest við það með galvaniseruðum bindivír skal vera galvaniserað járnplata, eigi mjórri en 0,35 m. og þar yfir 2 galvaniseraðir gaddavírsstrengir.

Hvort sem marðagirðing stendur á klöpp eða lausari jarðvegi, skal hafa vírnetsskör, eins og á refagirðingu, neðan á hliðarnetinu, og grafa hana í jörðu, ef á lausu er, en bera grjót á skörina ef hún liggur á klöpp eða um búið á annan jafntryggan hátt, þannig, að dýrin komist ekki undir skörina.

##### c. Þvottabirnir.

Hæð girðingarnetsins skal vera að minnsta kosti 2 m., gildleiki vírsins eigi minni en nr. 14 (2 mm.) og möskvavidd í mesta lagi 52 mm. Millibil stólpa mest 2,5 m. Yfir girðingunni allri skal hafa vírnet af sömu gerð og skal því haldið uppi með stöðum og bitum eftir þörfum.

Undir girðinguna skal og setja vírnetsskör, úr samskonar neti og á sama hátt sem undir refagirðingu á lausum jarðvegi, en eigi skal hún mjórri vera en 1 m.

##### d. Nútríur og kanínur.

Girðinguna skal gera eins og sagt er um refagirðingar, en þó má vírnetið vera grennra en þar segir, og allt niður í sama gildleika og gerð sem hænsnanet.

Heimilt er loðdýraræktarráðunaut að gera eða láta gera tilraunir með aðra gerð á vörzlu loðdýra en að framan er lýst.

#### 17. gr.

Búr, fyrir þær loðdýrategundir, sem um getur í 16. gr., skulu háð þeim ákvörðunum og takmörkunum, er hér greinir:

##### a. Refabúr.

Refabúr mega vera laus eða föst og standa á jörð eða stólpum. Skulu þau þá fest þannig niður með stögum eða á annan hátt, að öruggt megi telja, að þau geti ekki fokið. Í refabúrum skal hafa grind úr tré eða vinkiljárnri. Trégrind má eigi grennri vera en  $5 \times 10$  sm., en í þverslár og sperrur má þó hafa grennri viði. Sé grind úr járnri, skal hún hafa tilsvarendi burðarþol.

Á grindina skal strengja galvaniserað vírnet og festa á þann hátt, er áður getur (15. gr.).

Vír í botnneti búrsins skal eigi vera grennri en nr. 16 og möskvavidd eigi meiri en 40 mm. ef netið hvílir á jörðu, og eigi meiri en 25 mm. ef netið er á lofti.

Vir á hliðum og þaki má vera nr. 16 og möskvavídd 50 mm.

Hurð skal hafa á hverju búi úr sama efni eða öðru jafntryggu og örugga loku fyrir.

Séu gotkassar við búrin, skal þeim svo tryggilega lokað, að öruggt sé, að dýrin komist ekki úr þeim.

Minnsta stærð refabúra fyrir 1 dýr má vera botnbreidd 1,1 m., lengd 5 m., hæð 1,82 m., enda standi þá gotkassinn utan við búrið. Sé gotkassinn í búrinu, skal lengdin vera að minnsta kosti 6 m. Rétt er, að hliðar og gaflar gangi nokkuð að sér að ofan.

Milli búra skal eigi hafa minna bil en 0,5 m. og eigi skulu þau standa nær ytri girðingu en 2 m.

#### b. Marðabúr (minkabúr).

Marðabúr skal gera úr trégrind og galvaniseruðu vírneti, með áföstum gotkassa. Trégrindin skal vera svo traust, að búrunum stafi eigi hætta af ofviðrum eða snjóþyngslum og þannig fest í jörðu, að þau geti ekki fokið. Vírnet í marðabúrum skal eigi grennra vera en nr. 17 og möskvavídd eigi meiri en 26 mm. Dýra- og lokaumbúnaður á búrum og gotkössum skal vera þannig gerður, að þægilegt sé að komast í búr og kassa, án þess að hætta sé á, að dýrin sleppi út.

#### c. Þvottabjarnabúr.

Búrin skulu gerð úr sterkri trégrind og með palli í botni, eigi viðaminni en úr venjulegum gólfborðum. Á grindina skal strengja vírnet eigi grennra en nr. 16 (1,6 mm.) og að möskvavídd eigi meir en 26 mm. Festing vírnetsins á grindina og samskeyti vírnetsins skulu vera sérstaklega vönduð.

Gotkassa skal hafa inni í búrinu. Hurðir allar skulu læstar með lás.

#### d. Kanínubúr og nútriubúr.

Búr (eða kassa) með læsingu fyrir má hafa af þeirri gerð, er eigandi telur heppilegasta, en þó eigi þannig, að heilbrigði dýranna stafi hætta af, að álitit gæzlumanns.

#### 18. gr.

Verði síðar leyfður innflutningur og ræktun annara loðdýra, en nú var getið, skal jafnskjött sem til þess kemur setja með reglugerð ákvæði um örugga vörzlu þeirra loðdýrategunda.

#### 19. gr.

Bannað er að gera loðdýrum í aðhaldi eða loðdýragörðum það ónæði, er eigendum verður tjón að, enda séu dýrin geymd eigi nær alfaraleið en 50 metrar.

Ónæði telst allur hávaði, svo sem af sprengingum, skotum, hundgá, bifreiðablæstri, óvenjulegum hrópum og köllum, sem og önnur háreysti, sömuleiðis óvenjuleg umferð annarsstaðar en um alfaravegi í námunda við loðdýrabú.

Aldrei er heimilt að fara í loðdýragarða nema með leyfi eiganda eða umsjónarmanns. Bannað er einnig að skoða þá að utan eða ferðast í námunda við þá á tímabilinu frá 1. janúar til 15. júní nema að fengnu leyfi sömu manna.

Nú þarf að framkvæma eitthvert það verk í námunda við loðdýragarð, er mikill hávaði stafar af og skal þá viðkomandi tilkynna það eiganda eða umsjónarmanni með nægum fyrirvara, svo að svigrúm sé til nauðsynlegra varúðarráðstafana.

#### 20. gr.

Nú eru brotin ákvæði 19. gr. og tjón hlýzt af fyrir loðdýraeiganda og skal þá sá, er tjóninu veldur, greiða eiganda fullar bætur fyrir eftir mati dómkvaddra manna, nema fullt samkomulag verði um bæturnar.

Sé brotið framið af ásetningi eða vitaverðu kæruleysi, skal sá eða þeir, er tjóninu valda, auk þess greiða sektir samkvæmt 30 gr., nema þyngri refsing liggji við að lögum.

#### 21. gr.

Komi upp sjúkdómar, er loðdýrum getur stafað hætta af, svo sem hundapest eða aðrir næmir sjúkdómar, skal viðkomandi hreppstjóri eða lögreglustjóri tafarlaust tilkynna það landbúnaðarráðherra og er honum þá heimilt að gera þær varúðarráðstafanir, er hann telur nauðsynlegar til þess að hindra útbreiðslu veikinnar.

#### 22. gr.

Sleppi loðdýr úr vörzlu og náist ekki, skal eigandi eða umráðamaður sæta sektum frá 2—200 kr. fyrir hvert dýr, og greiða skaðabætur, ef sannanlegt tjón hlýzt af. Auk þess má svipta hlutað-eiganda leyfi, ef miklar sakir eru. Þessi ákvæði taka þó ekki til þess, ef sannað er, að dýr hafi sloppið

**112** af óviðráðanlegum orsökum, svo sem vegna skemmda af óveðrum eða af völdum óviðkomandi manna  
27. okt. o. s. frv. Sektir samkvæmt þessari grein renna í blutaðeigandi hrepps- eða bæjarsjóð.

## 23. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt og gefur út erindisbréf handa honum. Skal hann launaður úr ríkissjóði. Umsjón með starfi ráðunautsins skal heyra undir Loðdýraræktarfélag Íslands.

## 24. gr.

Loðdýraræktarráðunauturinn hefir með höndum, án endurgjalds frá loðdýraeigendum, almenna fræðslu og leiðbeiningastarfsemi í loðdýrarækt. Ber honum að ferðast milli loðdýrabúanna árlega eftir því sem við verður komið og Loðdýraræktarfélag Íslands ákveður. Á ferðum sínum skal ráðunauturinn veita allar þær leiðbeiningar, er hann má, um stofnun og rekstur loðdýrabúa, og hvað eina, er atvinnuvegin varðar. Sömuleiðis ber honum á ferðum sínum, og annars er sérstakt tilefni gefst til, að kynna sér rekstur loðdýrabúanna og meðferð dýranna og benda á og vanda um það, sem af-laga fer eða áfátt er í þeim efnum.

Þegar Loðdýraræktarfélag Íslands lætur halda loðdýrasýningar, skal ráðunauturinn vera aðal-dómari félagsins á þeim sýningum, sem það óskar og við verður komið. Á öðrum sýningum skal hann einnig vera aðaldómari, ef því verður við komið, ella skipar Loðdýraræktarfélag Íslands aðal-dómara í samráði við hann, svo og meðdómara á hverjum stað.

## 25. gr.

Loðdýraræktarfélag Íslands ákveður, í samráði við loðdýraræktarráðunaut, hverjar tegundir loð-dýra skuli merktar og ættbókarfærðar og hefir ráðunauturinn yfirumsjón með hvorutveggja. Þó hafa þeir einir rétt til að fá dýr sín merkt, sem eru meðlimir í Loðdýraræktarfélagi Íslands, enda fari merking og skrásetning fram á vegum þess, undir yfirumsjón ráðunauts og ákveður ráðuneytið gjöld fyrir merkinguna að fengnum tillögum Loðdýraræktarfélags Íslands.

Dýr af þeim tegundum, sem ákveðið verður að merkja, er öllum óheimilt að selja eða láta á annan hátt af höndum til lífs, nema þau séu merkt og loðdýraræktarráðunautur eða fulltrúi hans hafi metið þau hæf til undaneldis.

Við athugun og merkingu loðdýra ber að sérmerkja þau loðdýr, sem óhæf teljast til undaneldis.

## 26. gr.

Dýrategundir, sem ákveðið er að merkja, skal merkja í bæði eyru. Í hægri eyra með bókstöfum og er það löggilt sérmerki eiganda. Til þess að komizt verði hjá sammerkingum skal loðdýrarækt-arráðunautur halda fullkomna skrá yfir öll löggilt sérmerki loðdýraeigenda og er óheimilt að taka upp sérmerki, nema samþykki ráðunauts eða fulltrúa hans komi til. Óheimilt er að taka upp áður skrásett sérmerki nema með samþykki þess, er merkið á, enda sé hann hættur að nota það. Í vinstra eyra skal merkja með einum bókstaf og tölu frá 1 og upp eftir. Bókstafurinn í vinstra eyra skal fylgja alþjóðareglu. Er það ársbókstafur og sýnir hann aldur dýrsins. Ársbókstafur fyrir hvölpna fædda 1937 er O og svo ár frá ári áfram eftir stafrófi þar til það þrýtur, og er þá byrjað á stafrófinu á ný o. s. frv.

## 27. gr.

Merkingar loðdýra af þeim tegundum, sem ákveðið verður að merkja (sbr. 25. gr.), skulu framkvæmdar árlega um land allt. Loðdýraræktarfélag Íslands ákveður, í samráði við loðdýraræktar-ráðunaut, stærð merkingarumdæma á hverjum tíma, þannig að einn maður komist yfir að merkja í hverju umdæmi.

## 28. gr.

Loðdýraræktarfélag Íslands ákveður í samráði við loðdýraræktarráðunaut, hvernig haga skuli skrásetningu merktra dýra og ættbókarfærslu. Í ættbók má aðeins taka löglega merkt dýr samkvæmt ákvæðum 25. og 26. gr.; eigi er skylt að ættbókarfæra önnur dýr en þau, er hlotið hafa verðlaun á sýningum, sem haldnar verða, samkvæmt reglugerð þessari, og dýr, sem að dómi ráðu-nauts eru verðlaunaverð, en ekki hefir gefizt kostur á að sýna á loðdýrasýningum.

## 29. gr.

Ekki má flytja inn loðdýr, nema þau hafi hlotið viðurkenningu á loðdýrasýningu í heimalandi sínu sem hæf undaneldisdýr, og fylgi dýralæknisvottorð hverju dýri um ástand þess og heilbrigði

á útflutningsdegi og um aldur þess, enda séu vottorð þessi staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

112

27. okt.

30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða 20—5000 króna sektum, er renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um loðdýrarækt og loðdýralánaheimild nr. 38 13. júní 1937, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. október 1937.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

## REGLUGERÐ

113

27. okt.

### um loðdýralánadeild Búnaðarbanka Íslands.

1. gr.

Stofna skal við Búnaðarbanka Íslands lánadeild, sem nefnist loðdýralánadeild.

2. gr.

Ríkissjóður leggur deildinni til óafturkræft framlag, 10 þúsund krónur árlega á næstu 5 árum, í fyrsta sinn 1938. Ríkisstjórnin ábyrgist lán, sem deildin tekur, eða verðbréf, sem hún gefur út til sölu, hvorttveggja með samþykki landbúnaðarráðherra, þó ekki yfir 100 þúsund krónur árlega á næstu 5 árum.

Nú gefur deildin út verðbréf samkvæmt framansögðu, og ákveður þá landbúnaðarráðherra upp- hæð, vexti, útdrátt bréfa og annað, er þurfa þykir.

3. gr.

Loðdýralánadeild veitir lán til þess að stofnsetja loðdýrabú og mega lánin nema allt að 40% af stofnkostnaði búanna, þó aldrei meira en 2 þúsund krónur til hvers einstaks bú. Lán má þó nema allt að 60% af stofnkostnaði og allt að 500 krónum á félagsmann, ef búið er félagsseign að minnsta kosti 5 manna, enda standi þeir allir í samábyrgð fyrir láninu.

Við mat á stofnkostnaði samkvæmt þessari grein, skal hafa hliðsjón af hæfilegum kostnaði við uppsetning búra og girðinga og eðlilegu verði lifdýra. Ákveður stjórn Búnaðarbankans á hverjum tíma, í samráði við ráðunaut ríkisins í loðdýrarækt, hvað skuli teljast meðalstofnkostnaður loðdýrabúa og eðlilegt verð loðdýra, og hagar lánveitingum samkvæmt því.

4. gr.

Lánstíminn er 12 ár. Lánin endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 10 árum, en eru afborgunarlaus fyrstu 2 árin. Vextir af lánunum greiðast fyrirfram fyrir eitt ár í senn.

Gjalddagi lánanna, vaxta og afborgana, er 1. okt. ár hvert. Þó getur bankinn samþykkt eða ákveðið annan gjalddaga á lánunum.

Stjórn Búnaðarbankans ákveður vexti af lánunum með samþykki landbúnaðarráðherra.

Dráttarvextir skulu vera 1% af höfuðstólnum, ef vanskil verða.

5. gr.

Lánunum þeim, er loðdýralánadeild veitir, má ekki segja upp, meðan skuldunautur gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengið. Ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga, eða ef veðið gengur úr sér, svo að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða ef á veðið falla skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfum loðdýralánadeildar, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, er stjórn Búnaðarbankans heimilt að telja eftirstöðvar lánsins fallnar í gjalddaga þegar án uppsagnar.